

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Íðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurveggar, vegna Reykjavíkurveggar 76 – 80“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitum á lóðinni er breytt lítillaga. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 4. maí 2004.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 27. maí 2004.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

Lilja Grétarsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku Efnamóttökunnar hf., kt. 691298-2729. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun, 28. maí 2004.

Davíð Egilson forstjóri.

*Heiðrún Guðmundsdóttir, staðgengill
forstöðumanns stjórnsýslusviðs.*

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Bústaðavegur 151.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Bústaðavegur 151, sem skilgreind er sem íbúðarsvæði, og svæðis norðan við lóðina, sem nú er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, breytist í miðsvæði.